

Auður I í höfn

Auður Capital, fjármálafyrirtæki í eigu kvenna, hefur lokið fjármögnun á sínum fyrsta fagfjárfestasjóði, sem nefnist Auður I. „Það gekk ótrúlega vel að fjármagna sjóðinn, sérstaklega í ljósi þess hve erfitt árferðið er,“ sagði Kristín Pétursdóttir, forstjóri félagsins, í samtali við Vísi.is. Heildarfjárhæð áskrifta er 3,2 milljarðar króna og tók 21 fjárfestir þátt. - bg

